

ÞEKKINGARKLASI VESTURLANDS

STEFNUMÓTUNARFUNDUR

7. maí 2008

Samantekt



EFNISYFIRLIT

| | | |
|-----|---|---|
| 1. | Inngangur | 3 |
| 2. | Hlutverk þekkingarklasans | 3 |
| 3. | Megináherslur klasans | 3 |
| | Efla tengsl innan fjórðungsins | 4 |
| | Fjölgun og tækifæri háskólamenntaðra | 4 |
| | Þekkingarsvæðið Vesturland – jákvæð ímynd | 5 |
| 4. | Aðrir mikilvægir þættir | 5 |
| 5. | Að fara, koma eða vera? | 5 |
| 6. | Verkefni | 6 |
| 7. | Árangursviðmið | 6 |
| 8. | Af hverju erum við hér? | 6 |
| 9. | Markhópar og gerendur | 7 |
| 10. | Næstu skref | 7 |
| 11. | Hugleiðingar um þekkingarstarfsemi og byggðapróun | 8 |

1. INNGANGUR

Hér fer á eftir samantekt um skilaboð stefnumótunarfundar Þekkingarklasa Vesturlands, sem haldinn var í Háskólanum á Bifröst, 7. maí sl. og Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá Ildi í Grundarfirði, hafði umsjón með. Eingöngu er fjallað um stefnumótunarhluta fundarins en áður var rætt um verkefni klasans og gengið frá samþykktum.

Fundinn sátu m.a. fulltrúar frá háskólum, framhaldsskólum, fagsamtökum, fyrirtækjum og rannsóknastofnunum og Bygðastofnun og endurspeglaði samsetning þátttakenda mjög vel þá sem eiga aðild að klasanum.

Fyrirkomulag fundarins var svokallað „Heimskaffi“ (World Café) og ræddu þátttakendur spurninguna: *Hvað gætum við skapað saman, til að stuðla að framþróun á okkar vettvangi og um leið á Vesturlandi?* Umræðan fór fram í 3 – 4 manna hópum í þremur umferðum og fóru þátttakendur milli borða í annarri umferð. Í lok umræðunnar kom hver hópur sér saman um eitt atriði sem væri mikilvægast til að vinna klasans skilaði árangri og síðan tvö önnur atriði sem væru mikilvæg. Loks ræddu allir þátttakendur um niðurstöður hópanna og skilgreindu verkefni og viðmið fyrir árangur. Í lok fundarins var hver og einn þátttakandi beðinn um að botna setninguna: *„Ég er hér vegna þess að...“*

Í samantektinni er greint frá skilaboðum um áherslur og verkefni klasans, árangursviðmið og hvata til þátttöku. Greindir eru markhópar og gerendur og loks fylgja hér hugleiðingar fundarstjóra um þekkingarstarfsemi og byggðapróun.

2. HLUTVERK ÞEKINGARKLASANS

Í samþykktum Þekkingarklasa Vesturlands er hlutverk hans skilgreint þannig:

Hlutverk Þekkingarklasa Vesturlands er að:

- Stuðla að samstarfi og tengslamyndun meðal aðila í þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi.
- Vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrirtækja og stofnana í þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi.
- Vinna að almennri kynningu á þekkingartengdri starfsemi á Vesturlandi og leita leiða til að auka sýnileika hennar.
- Stuðla að samstarfi við hliðstæð samtök innanlands og erlendis.

3. MEGINÁHERSLUR KLASANS

Þau þrjú atriði sem þátttakendur töldu mikilvægust, þannig að hægt væri að segja að starfsemi klasans skilaði árangri, voru:

- Efla tengsl innan fjórðungsins Vesturland.
- Fjölgun háskólamenntaðs fólks og fjölgun á möguleikum þeirra og tækifærum á Vesturlandi.
- Jákvæð ímynd svæðisins sem þekkingarsvæðis m.a. vegna áherslu á bætt flæði fólks og þekkingar milli háskóla, framhaldsskóla og grunnskóla svæðisins.

Þessum atriðum var ekki raðað í mikilvægisröð og eru þau því öll jafngild, enda skarast þau verulega. Hér á eftir er fjallað nánar um hvert og eitt.

EFLA TENGLI INNAN FJÓRÐUNGSINS

Fram kom að fæstir innan þekkingargeirans vita hvað aðrir kollegar þeirra á Vesturlandi eru að fást við og að lykilatríði sé að auka kynningu, tengsl og samstarf. Þetta getur átt við háskóla, framhaldsskóla, grunnskóla, Símenntunarmiðstöð, fyrirtæki og stofnanir. Sérstaklega var lögð áhersla á aukin tengsl milli skólastiga og tengsl skóla- og rannsóknastofnana við nemendur í framhalds- og háskólum.

Hugmyndir til að efla tengsl:

- Sameiginlegt starfatorg (þjónustutorg, verkefnatorg) háskóla / framhaldsskóla, sem verði miðstöð upplýsinga um störf og tækifæri. Þetta sé vefsíða þar sem störf og verkefni eru kynnt og einstaklingar kynna jafnframt sína þjónustu og þekkingu. Þetta þarf alls ekki að vera bundið við skólana, heldur getur náð til mun fleiri aðila.
- Tengja háskóla og framhaldsskóla á svæðinu.
- Aukið flæði starfsmanna milli verkefna og fyrirtækja. Liður í því er að gögn um rannsóknir og athuganir séu aðgengileg fleirum en þeim sem „eiga þær“.
- Samstarf um háskólamenntað fólk, t.d. þegar vantar kennara í hlutastöður kunna aðrir skólar eða aðilar á svæðinu að hafa þörf fyrir þekkingu viðkomandi og þannig hægt að bjóða fulla stöðu.
- Skapa þarf umgjörð eða svæði fyrir orðræðu innan þekkingarstarfsemi á Vesturlandi. Þekkingarklasinn getur gegnt hér lykilhlutverki.

FJÖLGUN OG TÆKIFÆRI HÁSKÓLAMENNTAÐRA

Í umræðunni um fjölgun og tækifæri háskólamenntaðra á Vesturlandi, fékk hugmyndin um starfatorg / þjónustutorg / verkefnatorg töluvert vægi.

Einnig var rætt um að kynna nemendum sem eru að ljúka háskólanámi rannsóknar- og starfstækifæri á Vesturlandi og möguleika til að vinna lokaverkefni í fjórðungnum. Þátttakendur voru sammála um að nemendur gætu verið hvort heldur er frá Vesturlandi eða annars staðar, en að verkefni ættu að snúast um viðfangsefni á Vesturlandi og/eða unnin á svæðinu.

Nefnt var að í þeim tilvikum þar sem ríkisstofnanir opna útibú á landsbyggðinni, sé mikilvægt að tengja starfsstöðvarnar vel, til að koma í veg fyrir einangrun þeirra.

Meðal þess sem fólk taldi til þess fallið að halda ungum nemendum heima fyrir og/eða stuðla að því að þeir snúi um síðir aftur heim, var

- Að fá kennara úr háskólunum í framhaldsskólana til kennslu (gestafyrirlesarar).
- Að halda góða kynningu á Landbúnaðarháskóla Íslands og Bifröst í framhaldsskólunum – danskur háskóli kemur í FVA og kynnir það sem hann hefur að bjóða.
- Að auka flæði milli háskóla og framhaldsskóla – og hugsanlega líka grunnskóla.
- Skólarnir rækti tengsl nemenda við heimabyggð, t.d. hugmyndir um nýja námsbraut í Fjölbrotaskóla Snæfellinga sem m.a. byggir sérstaklega á umhverfi Snæfellsness.

ÞEKINGARSVÆÐIÐ VESTURLAND – JÁKVÆÐ ÍMYND

Þetta áhersluatriði skarast við tvö hin fyrri, þannig að ef tekst að efla tengsl innan þekkingarstarfsemi á Vesturlandi og fjölga háskólamenntuðum og tækifærum fyrir þá, verður afraksturinn jákvæð ímynd Vesturlands sem þekkingarsvæðis. Ýmislegt fleira getur átt þátt í að stuðla að jákvæðri ímynd og mun t.d. fyrirhuguð ráðstefna klasans nú í haust verða lóð á þá vogarskál.¹

Sérstaklega var rætt um mikilvægi þess að klasinn eigi þátt í að bæta ímynd landshlutans hjá ungu fólki, sbr. kaflann hér á undan og kafla 4. hér á eftir.

Varðandi umræðuna um ímynd má þó minna á það að ímynd sprettur ekki af engu, heldur er hún afrakstur af starfi og stöðu. Nær væri kannski að tala um orðstír, enda deyr hann aldregi...

4. AÐRIR MIKILVÆGIR ÞÆTTIR

Auk þeirra þriggja atriða sem hér hafa verið gerð skil, nefndu þátttakendur nokkra fleiri þætti sem skipta miklu máli til að styrkja stöðu Vesturlands sem þekkingarsvæðis.

- Góðir grunnskólar þar sem verið er að vinna af metnaði
- Betri samgöngur
- Starfsfólk stofnana og fyrirtækja hafi svigrúm og tíma til að sinna þróunarstarfi
- Viðhorfsbreyting til menntunar
- Yfirstíga hrepparígin
- Djörfung

5. AÐ FARA, KOMA EÐA VERA?

Upp komu vangaveltur um hvað það er sem dregur fólk burt af svæðinu og hvað laðar að. Hugsanlega muni höfuðborgarbúar leita frekar út á land á næstu árum og að í samkeppninni um íbúana í 101 hafi Vesturland ýmislegt að bjóða, s.s. þægilega umgjörð fyrir fjölskyldur, nálægð við náttúru, útivistarmöguleika og fleira. Sterk staða fjórðungsins varðandi þekkingu og þekkingarstarfsemi geti verið sá segull sem dregur fólk að. Verkefnið snúist þó ekki aðeins um að laða að nýja íbúa, heldur ekki síður að styrkja tengsl þeirra sem fyrir eru, við svæðið. Sérstaklega eigi að huga að unga fólkinu sem enn er í námi. Þar skipti máli hversu sterkar ræturnar eru. Þeim sem þykir vænt um svæðið sitt setjast frekar að á heimaslóðum á fullorðinsárum.

Bent var á að kannski væru brottfluttir ekki endilega góður markhópur því það fólk hefði tekið meðvitaða ákvörðun um að fara og væri því ekki líklegt til að koma aftur. Fleira var rætt á svipuðum nótum.

Sem dæmi um þætti sem draga fólk burt af svæðinu, er atvinna, uppruni og atvinnumöguleikar maka og viðhorf. Þá var bent á að oft er erfitt að vera spámaður í eigin föðurlandi.

¹ Hér má benda á athugunina „Ímynd Vesturlands“, sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst vann fyrir SSV. Skýrsla útgefin í febrúar 2007.

Fram kom að það er ekki sjálfgefið að kennarar við háskólana í Borgarfirðinum velji sér búsetu þar, heldur eru nágrennabyggðirnar ekkert síður valkostur til búsetu eða að kennarar eru sóttir lengra að, t.d. á höfuðborgarsvæðið eða út fyrir landsteinana.

Í þessari umræðu var nefnt að liður í því að efla Vesturland sem þekkingarsvæði sé að laða að listamenn til búsetu og starfsemi.

6. VERKEFNI

Í lok fundarins ræddu þátttakendur um hvaða verkefnum þekkingarklasinn ætti að sinna. Það var einróma álit að klasinn eigi að „hugsa um færri og gera það almennilega“.

Eftirtalin verkefni rötuðu á blað:

- Verkefna- / starfatorg (vefur) sem tengi saman vinnustaði og starfsfólk
- Verkefnasjóður
- Kynningarfyrrlestrar
- Stefnumót nemenda og atvinnulífs í háskólunum

Auk þess var eining um ráðstefnuna sem halda á í haust og einnig er vísað á aðrar verkefnahugmyndir sem fram hafa komið hér á undan.

Loks má nefna ábendingu sem kom um það að of miklar eða langar fundarsetur sem litlu skila væru ekki vænlegar til árangurs.

7. ÁRANGURSVIÐMIÐ

Þátttakendur komu sér saman um þrjár spurningar sem hafa mætti til hliðsjónar við mat á verkefnum.

Stuðlar verkefnið að:

- Bættir ímynd Vesturlands sem þekkingarsvæðis?
- Auknum tengslum og flæði innan þekkingarstarfsemi á Vesturlandi?
- Tækifærum fyrir ungt fólk / framhaldsnámsnema?

8. AF HVERJU ERUM VIÐ HÉR?

Þegar viðstaddir voru beðnir um það í lokin að botna setninguna „ég er hér vegna þess að...“, sögðu flestir að það væri vegna þess að yfirmaður hefði sent þá, en lýstu einnig trú sinni á að þekkingarklasinn geti skilað árangri og að starfið sé áhugavert.

Þetta sýnir að á þessu fyrsta tilvistarstigi klasans, skiptir mestu að ná til æðstu stjórnenda og „selja“ þeim hugmyndina að klasasamstarfinu og heyra hvaða tækifæri þetta fólk sér í auknu samstarfi innan þekkingargeirans á Vesturlandi. Síðan þegar verkefnið þróast taka fleiri þátt og neistar og hugmyndir kvikna víðar.

9. MARKHÓPAR OG GERENDUR

Þegar afrakstur fundarins er skoðaður nánar, sést hverjir eru að mati þátttakenda, lykilmarkhópar í því að efla þekkingarstarfsemi á Vesturlandi og hverjir eru þar gerendur.

| Markhópar → Gerendur ↓ | Framhaldsskólanemar | Háskólanemar | Framhalds- og háskólar (+ grunnskólar) | Rannsóknastofnanir og stoðþjónusta* | Fyrirtæki í öðrum greinum |
|-------------------------------------|-------------------------------------|--------------------------------------|--|-------------------------------------|-------------------------------|
| Framhaldsskólar | Rækta tengsl við heimabyggð | Óska eftir gestafyrirlestrum | Samstarf og upplýsingastreymi | Samstarf og upplýsingastreymi | Samstarf og upplýsingastreymi |
| Háskólar | Kynna námsframboð Gestafyrirlestrar | Kynna möguleg verkefni á Vesturlandi | Samstarf og upplýsingastreymi | Samstarf og upplýsingastreymi | Samstarf og upplýsingastreymi |
| Rannsóknastofnanir og stoðþjónusta* | Gestafyrirlestrar | Kynna möguleg verkefni á Vesturlandi | Samstarf og upplýsingastreymi | Samstarf og upplýsingastreymi | Samstarf og upplýsingastreymi |
| Fyrirtæki í öðrum greinum | Gestafyrirlestrar | Kynna möguleg verkefni á Vesturlandi | | Samstarf og upplýsingastreymi | Samstarf og upplýsingastreymi |

* Með stoðþjónustu er t.d. átt við ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki sem flokkast undir þekkingarstarfsemi

Yfirlitinu er ekki ætlað að vera tæmandi, en á því sést hvað samstarf og upplýsingastreymi er mikill grunnur að virku starfi þekkingarklasans. Einnig að víðtæk virkni og frumkvæði innan klasans mun skila enn meiri árangri en ef það er eingöngu á könnu stjórnar eða verkefnisstjóra.

Við þetta má svo bæta að sveitarfélög eru mikilvægir gerendur í því að efla Vesturland sem þekkingarsvæði, með því að eiga þátt í að skapa góð búsetuskilyrði, t.d. með metnaðarfullu starfi í grunnskólum.

10. NÆSTU SKREF

Þessari samantekt um skilaboð fundarins er ætlað að vera grundvöllur að áframhaldandi umræðu, stefnumótun og forgangsroðun verkefna hjá þekkingarklasa Vesturlands. Sú umræða mun nú fara fram í stjórn klasans. Sú spurning sem var rædd á stefnumótunarfundinum var talsvert verkefnaþið og var það með ráði gert. Í framhaldinu gæti verið gagnlegt að taka umræðu um spurninguna hvað „Vesturland sem þekkingarsvæði“ þýðir, t.d. eftir 5 – 10 ár.

Mælt er með því að skilaboð fundarins og síðan ákvörðunum stjórnar um áherslur og verkefni, verði gerð góð skil innan klasans á vefmiðlum og í fjölmiðlum, með sérstaka áherslu á svæðisfjölmiðla.

11. HUGLEIÐINGAR UM ÞEKINGARSTARFSEMI OG BYGGÐAÞRÓUN

Að lokum fara hér hugleiðingar undirritaðrar um þekkingarstarfsemi og byggðaðróun, byggt á því sem fram kom á fundinum.

Á undanförunum sjö árum hef ég stýrt íbúaðingum í sveitarfélögum víða um land. Mjög víða hefur komið fram óskin um nýjar menntastofnanir, t.d. framhaldsskóla eða nám á háskólastigi. Áherslan hefur þá frekar verið á það að fá stofnunina sjálfa á staðinn en endilega að þörfin komi til af því að viðkomandi samfélag þurfi á tiltekinni þekkingu að halda, t.d. vegna breyttra atvinnu- og samfélagshátta. Á fundinum var nefnt dæmi um fyrirtæki sem ekki gat mannað ný störf með heimafólki, þar sem sú fagþekking sem þurfti var ekki til staðar. Varpað var fram þeirri spurningu hvað það þýðir fyrir þekkingarstarfsemi á Vesturlandi að ferðaðþjónusta er mjög vaxandi atvinnugrein á svæðinu?

Þetta leiðir hugann af því hver er grunnurinn að þekkingarsvæðinu Vesturlandi? Er það sú þekking og þjónusta sem íbúar, atvinnulíf og sveitarfélög þurfa, eða felast tækifærin ekki síður í því að flytja bæði nemendur og kennara annars staðar frá, þ.m.t. frá útlöndum og skapa vettvang þar sem fram fer miðlun þekkingar? Hversu miklu skiptir að þekkingarstarfsemin leiði til búsetu innan fjórðungsins? Og búsetu hverra? Til dæmis þegar um er að ræða skóla, er þá aukaatriði hvort kennarar búa á svæðinu meðan tilvist skólans tryggir búsetu annarra, t.d. nemenda og fjölskyldna þeirra og starfsfólks sem sinnir öðrum störfum tengdum skólanum?

Hér má því spyrja sem svo, hver eigi að verka „markhópurinn“ fyrir þekkingarsvæðið Vesturland. Er æskilegast að reyna halda í unga fólkið, ná því til baka eða leita á nýjar slóðir? Eða ef til vill allt þetta? Væntanlega eru markhóparnir fleiri en einn og áhrifaþættirnir margir, t.d. atvinnuástand á höfuðborgarsvæðinu. Síðan má velta því fyrir sér að hve miklu marki hægt er að stjórna því hvar fólk velur sér búsetu. Mestu skiptir að gera vel það sem gert er, því Vesturland er jú í samkeppni við önnur landsvæði, um fólk og fjármagn.

Sem dæmi um tækifæri fyrir þekkingarsvæðið Vesturland, má nefna að á stefnumótunarfundinum vorum við tvö sem stýrum ráðgjafar- og þjónustufyrirtækjum sem staðsett eru á Vesturlandi, en sinnum verkefnum um allt land. Staðsetning fyrirtækjanna er því ekki sprottin af þörf innan fjórðungsins, en þau hafa skapað störf á svæðinu. Að sama skapi má velta því fyrir sér hvort leynast tækifæri í því að laða að þjónustu sem tilheyrir þekkingarstarfsemi sem nú þegar er eftirspurn eftir á Vesturlandi, en er í dag verið að sækja annað.

Spurningin sem unnið var með á fundinum var: „Hvað gætum við skapað saman, til að stuðla að framþróun á okkar vettvangi og um leið á Vesturlandi?“ Í henni felst kannski lykillinn að árangri í starfi klasans, þ.e. að þátttakendur taka virkan þátt í sameiginlegri sköpun og mótun, vegna þess að þeir sjá í því tækifæri til framþróunar fyrir sína eigin starfsemi. Þannig njóta samstarfsaðilarnir góðs af og um leið nýtur allt Vesturland.

Að lokum vil ég þakka fyrir ánægjulegt samstarf og óska þekkingarklasanum góðs árangurs í starfi sínu og verkefnum.

Með bestu kveðju,

Sigurborg Kr. Hannesdóttir